



Mennta- og barnamálaráðuneyti

Sölvhólgötu 4

101 Reykjavík

Kópavogur, 31. mars 2023

### **Efni: Umsögn um drög að stefnu um nýtt námsmat grunnskóla - Matsferill**

Fagdeild sálfræðinga við skóla innan Sálfræðingafélags Íslands (FSS) fagnar að drög að Matsferli séu birt í samráðsgátt og haghöfum og fagfólki á vettvangi gefið færi á að veita umsögn um stefnuna.

Ánægjulegt er að sjá að Matsferill sé hugsaður sem „verkfæri til umbóta, skólaþróunar og framfara“ og að hann eigi að „færa nær nemendum og kennurum“. Einnig er fagnaðarefni að Matsferill sé hugsaður sem safn matstækja sem styður við vandað námsmat og að mikilvægi umbótastarfs ríkis og sveitarfélaga, svo sem viðeigandi úrræða í þágu nemenda og faglegs stuðnings við kennara og skóla, sé undirstrikað.

Í fyrstu aðgerðaáætlun nýrrar Menntastefnu 2030 kemur fram að innleiða eigi þrepaskiptan stuðning (e. multi-tiered systems of support) í skólastarfi og skólaþjónustu hérlendis til að stuðla að snemmtækari, skilvirkari og árangursríkari þjónustu við nemendur. Mikilvægur þáttur þrepaskipts stuðnings er einmitt aðgangur að matstækjum til að gera skólafólki kleift að taka ákvarðanir byggðar á gögnum (e. *data-based decision making*).

Gæðakennsla og forvarnir á fyrsta þrepi í þrepaskiptum stuðningi eru grunnurinn sem allt annað hvílir á, þar á meðal stuðningsúrræði á öðru og þriðja þrepi. Kennsla á fyrsta þrepi þarf að vera nógu áhrifarík og öflug til þess að meirihluti nemenda nái þeim viðmiðum sem stefnt er að og þar er gjarnan miðað við um 80% hópsins (McIntosh og Goodman, 2016; Shinn og Walker, 2010). Jafnframt hefur oft verið bent á að ef fleiri en 20% nemenda ná ekki settum viðmiðum, hvort sem um nám, líðan, hegðun eða félagsfærni er að ræða, sé það líklega til marks um að efla þurfi kennsluhætti og/eða styrkja námsumhverfið á einhvern hátt, til þess að sem flestir nemendur öðlist þá færni sem stefnt er að (McIntosh og Goodman, 2016; Shinn og Walker, 2010). Upplýsinga af þessum toga er aflað með skimun (e. *universal screening*) en auk þess að varpa ljósi á gæði og árangur af kennslu á fyrsta þrepi og hugsanlega þörf fyrir umbætur nýtist hún einnig vel til að bera kennsl á nemendur sem þarfnast viðbótarstuðnings á öðru eða þriðja þrepi. Hvort tveggja eru áriðandi jafnréttismál sem snúast um réttindi barna og ungmenna til gæðakennslu og viðeigandi, snemmtæks stuðnings eftir þörfum.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að hér á ekki einungis átt við stuðning við nám heldur einnig líðan, hegðun og félagsfærni. Skortur á snemmtækum, viðeigandi stuðningi við hegðun, tilfinninga- og félagsfærni barna getur leitt til þess að vandi verði þrálátur og erfiðari viðureignar, dregið úr lífsgæðum og haft neikvæð áhrif á framtíðarhorfur þeirra (Kieling o.fl., 2011; Taylor o.fl., 2017).



Sýnt hefur verið að vönduð og notendavæn almenn skimun sem auðveld er í fyrirlögn sé hagkvæmur kostur til þess að finna börn og ungmenni sem þurfa á auknum stuðningi að halda, leiði til þess að þau finnist fyrr en ella (McIntosh og Goodman, 2016; Shinn og Walker, 2010), taki meiri framförum og þörf fyrir sérúrræði/sérkennslu minnki marktækt (Lennon og Slesinski, 1999; Speece o.fl., 2003; VanDerHeyden o.fl., 2003). Þannig hefur almenn skimun ríkt forvarnagildi og telst til viðurkennds verklags í skólasálfræði (National Association of School Psychologists, 2016a, 2016b).

Ef þrepaskiptur stuðningur og gagnadrifnar ákvarðanir eiga að verða að veruleika í skólum og skólaþjónustu er algjört grundvallaratriði að stjórnendur og starfsfólk skóla hafi yfir réttmætum, áreiðanlegum og næmum matstækjum að ráða, sem uppfylla gæðakröfur og nýtast til skimunar (Glover og Albers, 2007). Erfitt er að ráða af skjölunum sem til umsagnar eru í samráðsgátt hvort Matsferill innihaldi annars vegar verkefni/próf sem „kanna kunnáttu, leikni og hæfni út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla“ og hins vegar skimunarpróf, eða hvort átt er við sömu matstæki með fjölbreyttan tilgang. Hið síðarnefnda stenst tæplega enda um nokkuð misjöfn markmið að ræða sem hæpið er að samþætta í einu matstæki. Strangar mæli- og próffræðilegar kröfur eru gerðar til skimunartækja svo þau þjóni tilgangi sínum og nýtist til umbóta. Skimunartæki og viðmið þeirra þurfa að vera raunvís, það er, að byggjast á raungögnum úr þýði nemenda í íslenskum skólum, sem krefst umfangsmikillar þróunar- og rannsóknvinnu. Þótt ánægjulegt sé að sjá metnaðarfull áform um að fyrstu verkfæri Matsferils verði tilbúin til notkunar í janúar 2025 er einnig minnst á að mennta- og barnamálaráðuneytið líti á Matsferil sem langtímaverkefni. Ef Matsferill á að innihalda áreiðanleg, réttmæt, næm og notendavæn skimunarpróf má telja ósennilegt að þau verði tilbúin til notkunar strax í janúar 2025 nema ráðist verði í fjármögnun rannsókna og þróunar á þessu sviði af miklum krafti.

Það er jákvætt og skynsamlegt að skólar og kennarar njóti ákveðins valfrelsis við námsmat og ekki síður gott að sjá að grunnskólum muni bera skylda til að meta námsárangur í stærðfræði og íslensku eða íslensku sem öðru tungumáli. Þó er alls óljóst hversu langt valfrelsið nær, hvort það hvílir hjá skólastjórnendum eða einstaka kennurum og ekki er hægt að sjá hversu oft, hvernig eða hvenær skyldumat í íslensku/íslensku sem öðru máli eða stærðfræði á að fara fram. Mikilvægt er að hér verði kveðið skýrt að orði, ekki síst vegna réttinda barna og ungmenna til gæðakennslu og nauðsynlegs viðbótarstuðnings eftir þörfum. Einnig þarf að vera ljóst hvort foreldri/barn getur óskað eftir að viðeigandi matstæki Matsferils verði lögð fyrir í tiltekinni námsgrein ef kennari/skóli velur almennt að sleppa því og hvað sé til ráða ef skóli synjar slíkri beiðni.

Þess vegna verður ekki hjá því komist að taka heilshugar undir með Elsu Eiríksdóttur og Amalíu Björnsdóttur en í umsögn sinni um þetta mál í Samráðsgátt segja þær meðal annars (3. efnisgrein):

*„Erfitt er að sjá hvernig nýta á skimunarpróf þannig að gagn sé að ef prófin eru valfrjáls. Eðli skimunar er að finna einstaklinga sem eiga í erfiðleikum eða eru líklegir til að lenda í erfiðleikum og hafa ekki fengið slíka greiningu áður. Almenn þátttaka er lykilatriði eins og flestir þekkja vel t.d. að mynda í skimunum vegna krabbameins. Því er hæpið að núverandi hugmynd geti virkað í þessum tilgangi.“*

Í drögum að stefnu um nýtt námsmat grunnskóla kemur fram að (10. efnisgrein):

*„Kennarar og skólarnir sjálfir bera ábyrgð á fyrirlögn matstækjanna ásamt því að sjá um að skrá og halda utan um niðurstöður í námsmatskerfi skólans og gera þær aðgengilegar forsjáraðilum og nemendum samkvæmt lögum. Skólar geri grein fyrir notkun sinni á matsferli, eins og öðru námsmati,*



*í skólanámskrá og innra og ytra mati skólans. Óheimilt er þó að birta niðurstöður einstakra nemenda, námshópa, skóla eða sveitarfélaga opinberlega eða að vera með samanburð þar á milli.“*

Líklegt má telja að skólar og sveitarfélög séu afar misvel í stakk búin til að vinna úr, greina og nýta upplýsingar úr skimun og öðru námsmati til umbóta og skólaþróunar. Brýnt er að ný þjónustustofnun menntamála (þ.e. Stofnun [X]) haldi utan um og greini upplýsingar og niðurstöður úr Matsferli á landsvísu og geti nýtt þær til að sinna fyrirhuguðu umfangsmiklu stuðnings- og ráðgjafarhlutverki sínu við skólastarf og skólaþjónustu um land allt.

Að fyrirhugað sé að óheimilt verði að bera saman niðurstöður matstækja er mikill galli á drögunum. Staða skóla, sveitarfélaga og landssvæða geta gefið mikilvægar upplýsingar bæði um styrkleika og veikleika skólastarfsins. Mikilvægt er að hægt sé að nýta niðurstöður mats til að greina stöðu ákveðinna þátta og efla stuðning við skólastarf eftir þörfum hverju sinni.

Eins er afar brýnt að rannsakendur við háskóla landsins fái, að ákveðnum siðferðilegum og fræðilegum skilyrðum uppfylltum, aðgang að þessum gögnum, til þess að styðja við þróun matstækjanna og hagnýtingu niðurstaðna þeirra í samræmi við bestu þekkingu.

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar sálfræðinga við skóla innan Sálfræðingafélags Íslands

*Álfheiður Guðmundsdóttir*

Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður



#### Heimildir

- Glover, T. A. og Albers, C. A. (2007). Considerations for evaluating universal screening assessments. *Journal of School Psychology, 45*(2), 117-135. <https://doi.org/10.1016/j.jsp.2006.05.005>
- Lennon, J. E. og Slesinski, C. (1999). Early intervention in reading: Results of a screening and intervention program for kindergarten students. *School Psychology Review, 28*(3), 353–364. <https://doi.org/10.1080/02796015.1999.12085970>
- McIntosh, K. og Goodman, S. (2016). *Integrated multi-tiered systems of support: Blending RTI and PBIS*. New York, NY: The Guilford Press
- National Association of School Psychologists. (2016a). *Ensuring high quality, comprehensive, and integrated specialized instructional support services* [Position statement]. Bethesda, MD: National Association of School Psychologists.
- National Association of School Psychologists. (2016b). *Integrated model of academic and behavioral supports* [Position statement]. Bethesda, MD: National Association of School Psychologists.
- Shinn, M. R. og Walker, H. M. (Ritstjórar). (2010). *Interventions for achievement and behavior problems in a three tier model, including RtI*. Bethesda, MD: National Association of School Psychologists
- Speece, D. L., Case, L. P. og Molloy, D. E. (2003). Responsiveness to general education instruction as the first gate to learning disabilities identification. *Learning Disabilities Research and Practice, 18*(3), 147–156. <https://doi.org/10.1111/1540-5826.00071>
- Taylor, R. D., Oberle, E., Durlak, J. A. og Weissberg, R. P. (2017). Promoting positive youth development through school-based social and emotional learning interventions: A meta-analysis of follow-up effects. *Child Development, 88*(4), 1156-1171. <https://doi.org/10.1111/cdev.12864>
- VanDerHeyden, A. M., Witt, J. C. og Naquin, G. (2003). Development and validation of a process for screening referrals to special education. *School Psychology Review, 32*, 204–227. <https://doi.org/10.1080/02796015.2003.12086194>